

Dags eftirlits	6.12.2018	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Síldarvinnslan Helguvík	Eftirlitsmaður	Gottskálk Friðgeirsson
Heimili	Stakksbraut 5	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5702697479	Flokkur	Fiskimjölsverksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Eggert Einarsson	ÍSAT nr.	15.20.7
Fulltrúi fyrirtækis	Eyrún Guðmundsdóttir	Staðsetning	326111,902 396024,62

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Ekkert nýtt frávik frá kröfum í starfsleyfi fannst í eftirlitinu. Tvö eldri frávik eru opin og Umhverfisstofnun hefur samþykkt úrbótaáætlanir vegna þeirra.

Tveimur ábendingum var beint að fulltrúum rekstraraðila.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið byrjaði á fundi með Eggerti Einarssyni og Eyrúnu Guðmundsdóttur, fulltrúum SVN í Helguvík og Gottskálk Friðgeirsson frá Umhverfisstofnun

Fundur

1. Farið yfir frávik og athugasemdir (ábendingar) síðustu ára
2. Skráningar á TVN og hitastigi hráefnis
3. Hljóð/hávaði frá verksmiðjunni – hljóðmælingar
4. Mælingar
5. Innsend gögn
6. Umhverfismarkmið
7. Kvartanir og tilkynningar

Skoðun

1. Farið var yfir frávik frá síðasta ári.

Ryk í útblæstri var mælt í mars 2015 og niðurstöður voru yfir starfsleyfismörkum. Ryk í útblæstri skal vera innan við 100 mg/Nm^3 . Mælt var á þremur stöðum, frá svartolíukatli þar sem ryk mældist 566 mg/Nm^3 , og frá þurrkurum 1 og 2 þar sem ryk mældist 269 mg/Nm^3 og 245 mg/Nm^3 . Ryk í útblæstri er of mikið og telst það frávik frá kröfum í starfsleyfi. Rekstraraðili sendi inn tímasetta úrbótaáætlun og var samþykkt að eftir breytingar skyldi endurmælt á loðnuvertíð 2019 og skal skila niðurstöðum nýrra rykmælinga fyrir 1. maí 2019. Frávikið er því enn opið.

Hraði útblásturslofts skal vera 20 m/s að lágmarki en ef hraði útblásturs er minni þá getur rekstraraðili látið reikna út loftdreifingu frá skorsteini (loftdreifilíkan). Útblásturshraði var mældur í mars 2015 og reyndist undir starfsleyfiskröfum og var á þeim þremur stöðum sem mælt var 6,6 m/s, 10,2 m/s og 11 m/s. Útblásturshraði er því of lítil og telst það frávik frá kröfum í starfsleyfi. Rekstraraðili sendi inn tímasetta úrbótaáætlun og hyggst setja upp þrengingar í skorsteini til þess að auka útblásturshraðann. Umhverfisstofnun samþykkti að endurmælt skyldi á loðnuvertíð 2019 og skal skila niðurstöðum nýrra mælinga á útblásturshraða fyrir 1. maí 2019. Frávikið er því enn opið.

2. Gæði hráefnisins eru mæld með TVN mælingu sem mælir magn reikulla basa í hráefninu, þ.e. náttúrulegt niðurbrot hráefnisins. TVN gildið skal ekki fara yfir $100 \text{ mg/N}/100 \text{ g}$ hráefnis, en ef það gerist skal fjölga mælingum og senda tilkynningu um það til Umhverfisstofnunar. Eins skal meta veðurfar, sérstaklega vindstyrk og stefnu og forðast vinnsla þegar vindátt er að byggð.

Á TVN skýrslum rekstraraðila sést að TVN-gildið fór aldrei yfir $100 \text{ mg/N}/100 \text{ g}$ hráefnis á yfirstandandi ári.

3. Hljóð (hávaði) var mælt í nágrenni verksmiðjunnar í mars 2015. Niðurstöður voru þær að í öllum tilvikum er mælt hljóðstig innan þeirra marka sem sett eru í reglugerð um hávaða, þ.e. 70 dB(A).

4. Aðrar mælingar sem krafa er um í starfsleyfi eru mælingar á fitu, COD og svifefnum í frárennsli ásamt

rennslismælingum, eins heildarúttekt á mengandi efnunum í frárennsli og nú er krafa í reglugerð um varnir gegn olíumengun frá starfssemi í landi nr. 884/2017, sem fer fram á botnþykktarmælingar á geymum og þrýstiprófanir á olíu(lýsis-)fylltum lögnum.

Lýsisfyllt lög frá dælum í verksmiðjunni og niður í brunn á bryggju var þrýstiprófuð í júlí sl. og var verkið unnið af Þorsteini Adamssyni. Vinnuþrýstingur á lögninni er 2 bör og var lögnin prófuð með 6 bara þrýstingi og í 24 klst. Þrýstingur hélst óbreyttur og stóðst því lögnin prófunina.

Allar mælingar eru í húsi aðrar en botnþykktarmælingar á geymum en áætlað er að mæla upprétta geymana um leið þeir hafa verið tæmdir og hreinsaðir og liggjandi geymar verða þykktarmældir á sama tíma. Senda þarf Umhverfisstofnun niðurstöðu prófana á geymum. Þetta atriði verður tekið fyrir í eftirliti 2019.

5. Innsend gögn

Grænt bókhald og útstreymisbókhald bárust á réttum tíma. Eins niðurstöður mælinga á efnalosun með frárennsli við vinnslu á loðnu vorið 2018. Rætt var um skýrsluna og fór eftirlitaðili fram á að við næstu árlegu mælingu verði rennslistöður (sóláhringsrennsli) látnar fylgja útreikningunum.

Skýrsla um heildarúttekt á losun mengunarefna sbr. grein 5.2 í starfsleyfi hefur borist.

6. Umhverfismarkmið

Rætt var um umhverfismarkmið og afhentur bæklingur Umhverfisstofnunar um mælanleg umhverfismarkmið. Ný reglugerð, nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit gerir ráð fyrir að mengandi rekstur sé settur í kerfisbundið mat á umhverfisáhættu og tíðni eftirlits hjá Umhverfisstofnun ráðist af áhættunni.

7. Kvartanir og tilkynningar

Þrátt fyrir að TVN gildi í hráefni hafi verið ásættanlegt á árinu berast alltaf eitthvað af kvörtunum vegna lyktar frá verksmiðju SVN í Helguvík. Sex kvartanir bárust á loðnuvertíð og er alltaf brugðist við og rekstraraðili krafinn svara um hver sé orsök þessa.

Þrjár tilkynningar um gangsetningu verksmiðjunnar bárust á árinu.

8. Farið var í skoðun á verksmiðjunni. Ásýnd hennar hefur batnað til muna, sérstaklega framhlið lóðar og bygginga. Til stendur að fara í tiltekt á járnahaugum, bæði á ryðfriú og smíðajárni. Eins að klára akstursleið við bakhlið og neðan verksmiðjunnar. Olíu- og lýsisgeymar voru einnig skoðaðir. Mengunarvarnaþró stóð lokuð eins og tilskilið er um olíu- og lýsisþræ.

ÁBENDINGAR

1. Krafa í nýrri reglugerð um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi gerir kröfu til þykktarmælinga á olíu- og lýsisgeymum. Vænst er niðurstaðna úr prófununum á næsta ári.

2. Við útreikninga á magni COD og svifefna þarf rennslismælingar (sóláhringsrennsli) til þess að hægt sé að gefa niðurstöðuna upp í réttum einingum. Farið er fram á að niðurstaðna rennslismælinga fylgi árlegri mælingu í frárennsli.

ANNAD

Bæklingur Umhverfisstofnunar um mælanleg umhverfismarkmið var afhentur í eftirlitinu.

Ný reglugerð, nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit gerir ráð fyrir að mengandi rekstur sé settur í kerfisbundið mat á umhverfisáhættu og tíðni mengunarvarnaeftirlits ráðist af áhættunni.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 03.01.2019



Gottskálk Friðgeirsson